

# Af ólíkum tilfinningum

Ekki er gott að segja nákvæmlega til um hvenær myndlist miðlar tilfinningum og hvenær ekki og sennilegast er aldrei hægt að útiloka þær með öllu. En ég held ég sé ekki að fara með neitt fleipur þó ég staðhæfi að sýningar þeirra Gabriëlu Friðriksdóttur í Galleríu Sævars Karls og Guðbjargar Lindar Jónsdóttur í Ásmundarsal fjalli báðar um tilfinningar þó með ólíkum hætti sé. Á annarri eru tilfinningarnar myndgerðar með tilfinningalausum hætti en á hinni eru þær ofnar inn í málverkin.

## Gabriëla

Á sýningunni „Persónur og tilfinningar“ hjá Sævari Karli er bæði að finna málverk og skúlpúta. Samkvæmt sýningarskrá virðist ætlunarverk listakonunnar vera að teikna upp ýmsar tilfinningar og væntir hún þess að áhorfandinn kannist við þær þegar hann sér þær. Og ég játa að sumar þekkti ég strax, á minn hátt að minnsta kosti, um aðrar var ég ekki jafnviss. Verk in höfða ýmist til vitsmuna eða tilfinningasviðs, sumar tilfinningarnar eru þannig

## Myndlist

### Áslaug Thorlacius

sjálfsprottnar og eðlilegar, beinlínis líkamlegar, aðrar eru tillærðar, byggðar á algamalli reynslu eða fordómum. Ég finn til dæmis fyrir „reiði eða niðurlægingu“ í sófasettinu, „lélegri sjálfsmynd“ í einhvers konar sprellikarli og „ótta“ í einu málverkinu. En þó ég sé nokkuð viss um að tréð með snákinum fjalli um hina alþekktu sektarkennd kvenna, samanber Evu og erfðasyndina, upplifi ég tilfinninguna alls ekki við að horfa á verkið.

Þetta er skrýtin blanda af frumstæðu táknaði og einhverju geimaldarmyndmáli eða teiknimyndaskrípói og er yfirbragðið leikfangakennt. Þetta „dót“ er þó lítið aðlaðandi fyrir minn smekk, litirnir æpandi og firrtir og takmörkuð tilfinning í handverkinu, sérstaklega málverkunum, en þau þykja mér flöt og lítið spennandi. Skúlpútararnir eru skemmtilegri, það er eitthvað sjarmerandi við þá og þótt litirnir séu þeir sömu virka þeir mýkri og jafnvel eilítið lifandi á tréformunum.

Allt er þetta nokkuð þversagnarkennt, í senn fráhrindandi og athyglisvert, en það hæfir reyndar innihaldinu vel og gerir sýninguna bara meira spennandi.

## Guðbjörg Lind

Sýningin „Áfangar á kyrru hafi“ er af allt öðrum toga. Þar er tilfinningin einmitt djúp í litnum og handbragðinu, jafnframt því að vera undirliggjandi í efninu sjálfu, en lands-



Fjallar þetta verk Gabriëlu um sektarkennd kvenna?

lag höfðar sterkt til tilfinningasviðsins. Guðbjörg Lind sýnir 22 oliumálverk af ýmsum stærðum, flest ferköntuð eins og algengast hlýtur að telj-



Guðbjörg Lind Jónsdóttir: Áfangar á kyrru hafi.

ast en sum dálítið óhefðbundin, með bogadregnum útlínum. Tvö eru beinlínis skúlpútar, máluð á borðfötum.

Myndefnið eru eyjar, stakar og í klösum, friðsælar, í fallegu veðri, en vitneskjan um vondu veðrin, varnarleysið og einangrunina er þó til staðar. Litaskalinn er blæbrigðaríkur í fátækt sinni og mér fellur vel þetta örökraena í myndunum, til dæmis skekkist hafflöturinn verulega í mörgum myndunum.

Ég hef aldrei séð betri verk eftir Guðbjörgu Lind, sérstaklega finnst mér stóru myndirnar uppi í Ásmundarsalnum njóta sín vel. Ég kann líka betur við „venjulegu“ eyjarnar en á sumum minni myndunum eru þær nær því að vera borðbún- aður, t.d. glas eða smjörhjálmur, en eyja. Það er eins og listakonunni hafi ekki þótt landslagið eitt geta staðið sem hugmynd. Þær má þó ef til vill skoða sem tengingu yfir í borðin með diskunum og kaffikönnunni sem fljóta eða rísa eins og eyjar úr hafinu og bjóða hinum duldu öflum náttúrunnar að njóta gestrisinnar. Það virkar betur, þar er skrefið tekið til fulls.

Andinn í sýningunni er friðsæld og hlýja, þrá eftir því okunna handan sjónarrandar, hefðbundið kvenlegt örlæti og snefill af vestfirskri fornescju, svo eitthvað sé nefnt.

Sýning Gabriëlu Friðriksdóttur í Galleríu Sævars Karls stendur til 19. febrúar og er opin á verslunartíma.

Sýning Guðbjargar Lindar Jónsdóttur í Listasafni ASÍ í Ásmundarsal stendur til 14. febrúar. Opíð er kl. 14–18 alla daga nema mánudaga.

